

# Hugsjónir, fjármál og pólitík. Saga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágreennis í sjötíu og sjö ár.

Bókarhöfundur: **Árni H. Kristjánsson**

Bókarheiti: **Hugsjónir, fjármál og pólitík. Saga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágreennis í sjötíu og sjö ár.**

Gagnrýnandi: **Valur Freyr Steinarsson.**

Útgáfa: **Sögufélag. Reykjavík 2013, 442 bls.**

## Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„... gagnrýni á ákveðna þætti í bókinni skyggja hins vegar ekki á aðalatriðið sem er að bókin byggir á góðri heimildavinnu og efni hennar vel rannsakað, textinn er mjög læsilegur, myndefni, töflur og heimildarskrár til fyrirmyndar og heilt yfir er bókin velheppnað verk og mættu fleiri fyrirtæki og stofnanir standa eins vel að útgáfu sögu sinnar og Menningarsjóður SPRON með liðstyrk Sögufélags.“

Bók Árna H. Kristjánssonar sagnfræðings um Sparisjóð Reykjavíkur og nágreennis rekur sögu sjóðsins frá stofnun hans í byrjun árs 1932 og fram að því að sjóðurinn var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu í mars 2009. Það var Menningarsjóður SPRON sem stóð að gerð bókarinnar og fékk Sögufélagið til þess að taka útgáfu hennar að sér. Árni var ráðinn af félaginu til þess að skrifa bókina og honum til halds og traust fenginn ritstjóri, Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur. Menningarnefnd SPRON skipaði síðan þriggja manna ritnefnd sem starfaði með höfundi og ritstjóra.

Ekki kemur fram í inngangi bókarinnar hvert hafi verið markmið Menningarsjóðsins með gerð hennar annað en að segja sögu SPRON. Af inngangi að dæma hafði Árni óbundnar hendur varðandi verkið og honum ekki settar neinar skorður. Þó leiddi sá sem þetta skrifar hugann að því að hér var verið að skrifa sögu fyrirtækisins sem nýlega hafði farið í þrot og þeir sem komu að verkinu af hálfu Menningarsjóðsins sem fjármagnaði söguskrifin voru sumir samofnir sögu hans síðustu misseri starfseminnar og hefðu e.t.v. hagsmuna að gæta að sagan væri þeim hliðholl. Oft á tíðum er því haldið fram, í ámælistón að sagan sé ætíð skrifuð af sigurvegurunum, en því má ekki gleyma að sagan er einnig oft skrifuð af þeim sem veita fjármagni til slíkra hluta. Kostuð skrif



sagnfræðinga á sögu fyrirtækja hafa löngum vakið litla athygli. Form slíkra rita hefur oft á tíðum þótt lítt áhugavert, enda áherslan fyrst og fremst á frásögn af völdum áföngum eða atburðum í sögu fyrirtækja í bland við mikið magn myndefnis og nafnaupptalninga. Lítið fer fyrir gagnrýni eða að saga fyrirtækja sé sett í samhengi við eða útskýrð út frá samfélagslegri þróun. Mikið er rætt um stjórnendur og það nánast alltaf gagnrýnislaust. Hinn almenni starfsmaður fær sitt pláss á myndum og skemmtisögur af „sérkennilegum“ starfsmönnum eru notaðar til þess að skreyta textann og gefa honum og um leið umræddum fyrirtækjum mannlegan blæ.

Í þessari bók reynir höfundur meðvitað komast í burtu frá ofangreindri fyrirtækja-sögu og hefur í því skyni útvíkkað söguviðið og reynir einnig að varpa ljósi á samfélagsþróunina, þá fyrst og fremst efnahagsmálin samhliða því að segja sögu SPRON. Bókin hefst því á að forsögu sparisjóða- og bankastarfsemi á Íslandi er gerð skil eða allt til ársins 1930 þegar áhrifa kreppunnar sem hófst í Bandaríkjunum á haustmánuðum 1929 fór að gæta á Íslandi. En stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var bein afleiðing af þeim breytingum sem hún og þrot Íslandsbanka árið 1929 höfðu í för með sér. Ekki síst þeirrar ríkisvæðingu bankakerfisins sem fylgdi í kjölfarið. En ríkið kom að stofnun tveggja banka til viðbótar við Landsbankann sem fyrir var í eigu ríkisins. En bankarnir sem um ræðir voru Útvegsbankinn sem stofnaður var á grunni gamla Íslandsbanka og Búnaðarbankinn sem ætlað var að standa við bakið á landbúnaði líkt og Útvegsbankanum var ætlað að gera fyrir sjávarútveg. Á þessu tímabili voru Framsóknarmenn nær allsráðandi í landsstjórninni, fyrst og fremst vegna mjög ósanngjarns kosningarkerfis þar sem hallaði mjög á þéttbýlið. Árni færir sterk rök fyrir því að stofnun SPRON hafi verið andsvar Sjálfstæðismanna við ítökum Framsóknarflokksins í bankakerfinu auk þess sem iðnarmenn í Reykjavík voru mjög uggandi vegna skorts á fyrirgreiðslu í bönkum. Það var á félagsfundi hjá Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur í febrúar 1930 sem hugmyndin um stofnun sparisjóðs kom fram og var strax skipuð undirbúningsnefnd til þess að kanna rekstrargrundvöll sparisjóðs. Þar sem Framsóknarmenn höfðu tögl og haldir í landsstjórninni var í fyrstu unnið að stofnun sparisjóðs í kyrrþey en í undirbúningsnefndinni voru þekktir Sjálfstæðismenn á borð við Jón Þorláksson formaður Sjálfstæðisflokksins og Knud Zimsen borgarstjóri. Stofnun sparisjóðs var háð samþykki ráðherra og ólíklegt þótti að Framsóknarmenn myndi veita samþykki fyrir stofnun sjóðsins. Hins vegar fór það svo að Ásgeir Ásgeirsson fjármálaráðherra og síðar forseti heimilaði stofnun sjóðsins og kann þar að spila inn átök hans við þáverandi samflokksmann sinn Jónas frá Hriflu. Auk þess sem það kann að hafa skipt sköpum að Ásgeir hafði unnið að lausn Íslandsbankamálsins í samvinnu við Sjálfstæðismennina Jón Þorláksson og Ólaf Thors. En stofnfundur sjóðsins var haldinn 17. mars 1932.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis virðist sigla fremur lygnan sjó fyrstu áratuginna eftir stofnun hans þó svo að ýmislegt hafi gengi á í efnahagslífi þjóðarinnar. Velta sjóðsins jókst og umsvif hans sömuleiðis. Undirliggjandi hugmyndafræði reksturs sjóðsins var ráðdeild og sparnaður og stjórnendur héldu vel um taumana. En voru eigi að síður óhræddir við að taka upp nýjungar og efla sjóðinn. Um miðbik níunda áratugarins var

SPRON orðinn stærsti sparisjóður landsins og um margt líkari nútímalegum viðskipta-banka en sparisjóði.

Miklar væringar urðu á fjármálamarkaði í upphafi 20. aldar og fór SPRON ekki var-hluta af þeim. Sjóðurinn hafði lengi glímt við eiginfjárvanda sem lýsti sér þannig að mikill vöxtur bankans hafði för með sér hlutfallslega minnkun á eiginfé hans. En spari-sjóðaformið var ekki til þess fallið að takast á við þennan vanda þar sem mjög miklum vandkvæðum var bundið að auka eigið fé sjóðsins. Þessi vandi var ekki séríslenskur heldur var einnig að finna á hinum Norðurlöndunum. Bankar, ólíkt sparisjóðum gátu t.d. aukið eigið fé sitt með útgáfu hlutabréfa sem sparisjóðir gátu ekki. Sparisjóðir gátu þó fjölgað stofnfjáreigendum og var það gert í tilfalli SPRON. En fjöldi stofnfjáreigenda fór úr 70 árið 1982 í 1124 árið 2000. Hins vegar var ljóst að gera þyrfti kerfisbreytingar á sparisjóðaumhverfinu hér á landi ef þeir ættu ekki að fara halloka í samkeppni við banka. Lögum var breytt árið 2001 sem gerði sparisjóðum kleift að breyta sér í hlutafélög og í kjölfarið var SPRON hf. stofnað til þess að hrinda þeim áformum af stað, þau áform frestuðust hins vegar í fimm ár og sparisjóðurinn ekki gerður að hlutafélagi fyrr haustið 2007.

Yfirtökutilraunir Búnaðarbankans á SPRON sem hófust í júní 2002 fá nokkuð mikla umfjöllun í bókinni en í stuttum máli byggðist flétta Búnaðarbankans á því að fimm stofnfjáreigendur þ.á.m. Pétur Blöndal alþingismaður gerðu öðrum stofnfjáreigendum bindandi tilboð í stofnbréfin þeirra, þau kaup ætlaði Búnaðarbankinn að fjármagna og kaupa síðan af fimmmenningunum. Markmið Búnaðarbankans var að sameina SPRON bankanum. Málið var rammpólitískt og var því í *Morgunblaðinu* líkt við kaup ORCA hópsins á hlut Kaupþings og sparisjóðanna, þ.á.m. SPRON í Fjárfestingabanka atvinnulífsins árið 1999 sem vöktu mikla reiði þáverandi formanns Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra Davíðs Oddssonar. En nú voru það Sjálfstæðismenn sem voru að baki tilboði Búnaðarbankans með fullþingi forsætisráðherra og er vitnað í Jón G. Tómas-son, þáverandi stjórnarformann SPRON um að Davíð hefði gefið áformum Búnaðar-bankans grænt ljós. Stjórn SPRON reyndi að verjast yfirtökunni og fóru fram bréfaskipti við Fjármálaeftirlitið um það m.a. hvort fimmmenningarnir væru hæfir til þess að eiga virkan eignahlut í sjóðnum og hvort það samræmdest lögum að eiga viðskipti með stofn-bréf á öðru en endurmetnu nafnverði þeirra. En tilboð fimmmenninganna var fyrir stofnfjáreigendum mun hagstæðara en endurmetið nafnverð stofnbréfanna. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að leyfilegt væri að selja stofnbréf á yfirverði og því ljóst að fimmmenningarnir gátu haldið áfram söfnun sinni á stofnfé í SPRON með það fyrir augum að selja það Búnaðarbankanum. Án þess að rekja nánar þá baráttu sem átti sér stað um stofnfé í SPRON en inn í þá baráttu blönduðust starfsmenn sjóðsins. Fór það svo að fimmmenningunum tókst ekki að ná yfirráðum í SPRON en stofnaður var til-boðsmarkaður með stofnbréf sem gerði stofnfjáreigendum kleift að kaupa og selja það á markaðsverði.

Af lestri kaflans um yfirtökutilboðið sést greinileg að samúð Árna liggur hjá stjórn SPRON. Hann byggir að hluta til frásögn sína á viðtölum við þá Jón G. Tómasson

Þáverandi stjórnarformann SPRON og Guðmund Hauksson sparisjóðsstjóra. Ekki kemur fram að hann hafi leitað eftir álitum eða sjónarmiðum fimmmenninganna fyrir utan Pétur Blöndal sem svaraði ekki tölvupóstum höfundar. Að því gefnu verður að líta svo á að frásögn Árna sé eins nærri sannleikanum og hugsast geti miðað við að ekki sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra sem stóðu að yfirtökunni, öðrum en þeim sem birtust opinberlega á sínum tíma. Þó getur lesandi auðveldlega séð yfirtöku í öðru ljósi en því sem fram kemur í bókinni þar sem mjög er hallað á fimmmenninganna og Búnaðarbankann. Til dæmis er hægt að draga þá ályktun að það hafi verið rökrétt fyrir Búnaðarbankann að sjá tækifæri í því að yfirtaka SPRON og slík viðskipti hafi einfaldlega verið hluti af eðlilegu markaðskerfi og samruninn hefði enginn skaðleg áhrif á samfélagið, þó svo að saga SPRON styttest um nokkur ár? Auk þess er hægt að spyrja sig hvort stjórn SPRON hafi verið að vernda hagsmuni stofnfjáreigenda með málaltilbúnaði sínum, þar sem hagsmunir þeirra gátu hafa falist í því að fá markaðsverð fyrir eign sína ef þeir kysu að selja? Þó er ekki hægt að útiloka að hópur stofnfjáreigenda hafi viljað vernda „sparisjóðinn sinn“ fyrir Búnaðarbankanum. En miðað við það hve margir stofnfjáreigendur seldu stofnfé á tilboðsmarkaðinum, en um 50% stofnfjár skipti um hendur á fyrstu sjö vikunum eftir að hann tók til starfa, er ljóst að mjög margir stofnfjáreigendur tóku heilsuhugar undir málflutning fimmmenninganna.

Annað atriði sem að mati þess sem hér ritar er ekki nægjanlega reifað í bókinni er sparisjóðaformið sjálft og þá einna helst hvernig sparisjóðum er stjórnað. Einn helsti munurinn á hlutafelögum eins og bönkum og sparisjóðum hins vegar er að sparisjóðaformið tryggir ákveðnum mönnum völd í sparisjóðum langt umfram eign þeirra. Þ.e. Sú dreifða eignaraðild sem var grundvallarhugsun sparisjóðakerfisins eins og það var sett upp gerir það að verkum að völd einstakra stjórnarmanna og yfirmanna hjá sparisjóðum voru oft í engu samræmi við eignarhlut þeirra. Án þess að ætla að leita megi að ástæðu fyrir tregðu stjórnar SPRON í þessu máli sé að finna í ofangreindri staðreynd, þá er þennan vinkil ekki að finna í umfjöllun Árna og er það miður þar sem því hefur löngum verið haldið fram að menn berjast mun frekar fyrir hagsmunum sínum en hugmyndum.

Rétt eins og stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var afleiðing kreppu og gjaldþrots eins stærsta banka landsins var fall sjóðsins einnig afleiðing kreppu og þrots allra stóru bankanna haustið 2008. Árni fer mjög lauslega yfir fall íslensku bankanna árið 2008 og er það mat þess að hér heldur á penna að þar hefði hann mátt staldra lengur við í ljósi yfirlýsinga í inngangi um að útvíkka efni bókarinnar.

Árni gerir vel grein fyrir falli SPRON í síðasta kafla bókarinnar. Augljóst er hins vegar af lestri kaflans að samúð hans er eindregin með starfsfólki og stjórnendum sjóðsins og fullyrt er að margt bendi til þess að hægt hefði verið að koma í veg fyrir fall sjóðsins. Síðasta setning bókarinnar tekur af allan vafa um það að Árni telur ákvarðanir opinberra aðila, hafi gert tilraunir forystumanna SPRON til þess að halda lífi í sjóðnum að engu. Hins vegar viðkennir hann að hafa ekki aðgang að heimildum, sökum bankaleyndar sem gætu varpað skýrari ljósi á atburðarásina í kringum tilraunir stjórnar sjóðsins til þess að bjarga honum frá þroti. Auk þess er það tekið fram að þáverandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafi ekki svarað fyrirspurnum höfundar. Eitt sem vantar í umfjöllunina

um fall eða réttara sagt björgun sjóðsins eru tölulegar upplýsingar um það hve mikið fé ríkisvaldið hefði þurft með einum eða öðrum hætti að leggja fram til þess að sjóðurinn gæti haldið áfram starfsemi sinni. Einu tölurnar sem eru nefndar í því samhengi er skuld sjóðsins við Seðlabankann upp á 40 til 50 milljarða króna sem sjóðurinn ætlaði að gera upp með því að selja Íbúðalánasjóði veðskuldabréf. Taka verður undir það með Árna að skortur á heimildum sökum bankaleyndar hlýtur að hafa gert honum erfitt um vik að svara mörgum spurningum varðandi lífróður SPRON og kann það eflaust að skýra ástæðu þess að ekki er tekið fram í kaflanum hve miklum fjármunum SPRON þurfti á að halda til þess að geta haldið áfram rekstri. Auk þess er ekki hægt að andmæla því að ákvarðanir ríkisvaldsins höfðu úrslitabýðingu fyrir SPRON en að því sögðu er réttara að segja að ríkisvaldið hefði getað endurfjármagnað sjóðinn og haldið honum á lífi, því eins staðan var þá í íslensku efnahagslífi var enginn annar aðili sjáanlega til þess. Sjóðurinn var kominn í þrot og gat ekki uppfyllt ákvæði í lögum um eiginfjárhlutfall en skv. áreiðanleikakönnunar Ernst & Young sem kynnt var á fundi 11. mars 2009 og segir frá í Rannsóknarskýrslu Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna þá var eigið fé sjóðsins neikvætt um 37.4 milljarða króna og til þess að ná 15 % eiginfjár lágmarki þurfti sjóðurinn að verða sér úti um 59.7 milljarða króna með einum eða öðrum hætti. Einnig er í skýrslunni birtur ársreikningur SPRON fyrir árið 2008 og þar kemur fram að tap ársins hafi verið 68.3 milljarðar króna. Þessar upplýsingar lágu ekki fyrir opinberlega þegar Árni skrifaði sína bók en hvort þær hefðu breytt niðurstöðu hans skal ósagt látið en það er mat þess sem nú rýnir að miðað við það sem gekk hjá í efnahagslífi þjóðarinnar árin 2008 og 2009. Hefði það verið glapræði að ætla ríkinu að koma með það fé sem vantaði inn í rekstur SPRON, sjóðurinn var gjaldþrota þó svo að stjórnendur og starfsmenn hefðu verið tilbúnir að leggja allt í sölnar fyrir hann.

Ofangreind gagnrýni á ákveðna þætti í bókinni skyggja hins vegar ekki á aðalatriðið sem er að bókin byggir á góðri heimildavinnu og efni hennar vel rannsakað, textinn er mjög læsilegur, myndefni, töflur og heimildarskrár til fyrirmyndar og heilt yfir er bókin velheppnað verk og mættu fleiri fyrirtæki og stofnanir standa eins vel að útgáfu sögu sinnar og Menningarsjóður SPRON með liðstyrk Sögufélags.

